

Lykilhæfni 6. bekkur

Kennarar: Daníel Steingrímsson; Kristbjörg G Halldórsdóttir; Steinunn Guðmundardóttir

6

Lýsing

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Lykilhæfni tengist öllum náms sviðum og þar með grunnþáttum menntunar sem leiðarljósi í almennri menntun nemenda. Lykilhæfniviðmið eru sett fram í fimm flokkum: Tjáning og miðlun, Skapandi og gagnrýnin hugsun, Sjálfstæði og samvinna, Nýting miðla og upplýsinga og Ábyrgð og mat á eigin námi.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Yfirferð námsefnis

Ekki er um að ræða eiginlega **Árgangsáætlun** fyrir lykilhæfni 6. bekkja. Vegna mikilvægis og eðlis lykilhæfni er hún samþætt námi og kennslu í öllum námsgreinum árgangsins. Hún tilheyrir skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Áherslur í lykilhæfni 6. bekkja eru m.a kynntar nemendum og foreldrum á hópfunði að hausti (sbr.: *Námskynning*).

Lykilhæfniáherslur eru birtar reglulega í *vikuáætlunum* kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Kennslustundir á viku: Lykilhæfni tengist kennslustundum í öllum námsgreinum árgangsins (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námsþættir og viðfangsefni í lykilhæfni taka mið af *hæfniviðmiðum* árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá hæfniviðmið árgangsins). Kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Lykilhæfni er þverfagleg, samþætt öllu skólastarfi og tengist beint grunnþáttum menntunar. Henni er skipt í fimm flokka með skilgreindu inntaki sem fléttast saman í námi og kennslu:

Tjáning og miðlun - þar sem nemendur þjálfá hæfni sína í að miðla verkefnum og viðfangsefnum á fjölbreyttan hátt og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega, tjá hugsanir sínar og skoðanir á sem fjölbreyttastan hátt og taka þátt í samræðum og rökræðum.

Skapandi og gagnrýnin hugsun - þar sem nemendur þjálfá hæfni sína í að spyrja gagnrýninna spurninga og nýta gagnrýna hugsun, draga ályktanir og beita röksemdafærslu.

Sjálfstæði og samvinna - þar sem nemendur þjálfá hæfni sína í að vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra á ábyrgan og lýðræðislegan hátt, taka á móti leiðsögn og gagnrýni og vinna með á uppbyggjandi hátt.

Nýting miðla og upplýsinga - þar sem nemendur þjálfá hæfni sína í að vinna með áreiðanleika upplýsinga, ábyrgð í upplýsingaöflun og miðlun, greina heimildir ólíkra miðla, sýna siðferðilega ábyrgð og beita gagnrýnni hugsun.

Ábyrgð og mat á eigin námi - þar sem nemendur þjálfá hæfni sína með ábyrgð og sjálfsþekkingu gagnvart eigin námi og námsáhuga, vinnubrögðum, frammistöðu og markmiðasetningu að leiðarljósi og getu til að leggja raunhæft mat á vinnu sína og árangur.

Kennsluaðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluaðferðir, vinnulag) í lykilhæfni 6. bekkja taka mið af *leiðsagnarnámi*.

Melaskóli nýtir sér fjölbreytta kennsluhætti innan allra árganga og námsgreina til að styrkja lykilhæfni nemenda, m.a.: markvissar innlagnir kennara, umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun og verklega vinnu, útikennslu, kannanir og próf.

Leiðarljós menntastefnu Melaskóla er almenn menntun byggð á grunnþáttum menntunar og lykilhæfni nemandans. Tekið er mið af aldri og þroska nemandans innan stiga þegar hæfni hans er metin. Menntagildi lykilhæfni felst m.a. í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi. Markmiðið er alhliða þroski og almenn menntun nemandans í anda grunnþátta menntunar og lykilhæfni.

Markmið menntunar er ekki einungis að kenna *sértæka* hæfni námsgreina heldur að nemandinn öðlist *almenna* lykilhæfni sem nýtist honum í lífinu ævilangt. Fjölbreyttir kennsluhættir, góður skólabragur og gott samstarf Melaskóla við heimilin skiptir máli í að styrkja lykilhæfni nemandans. Allt skólasamfélag Melaskóla ber ábyrgð á að nemendur öðlist lykilhæfni innan árganga og í lok skólastiga. Leiðarljós skólans eru þrjú til að svo megi verða:

- kennsluhættir leiðsagnarnáms
- jákvæður skólabragur
- traust á milli heimila og skóla

Grunnhættir menntunar:

Um grunnhætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kafla 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja náms hæfni, námshvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í lykilhæfni 6. bekkja grundvallast á skilgreindum matsverkefnum árgangsins.

Matsaðferðir Melaskóla byggja á *fjölbreyttu hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubókum - prófum-könnunum-skimunum (stöðupróf, greinandi próf, framvindu- og lokapróf).

Fjölmörg þverfagleg *matsverkefni* eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir leiðsagnarnám í skilgreindum námslotum innan allra námsgreina. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk. Melaskóli birtir ekki lokamat í lykilhæfni á vitnisburðablaði við lok 4. og 7. bekkjar.

Námsmat í lykilhæfni 6. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyllum að þessum markmiðum.

2025_Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

2025_Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Tjáning og miðlun

- Tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran hátt,.
- Aukið orðaforða sinn og beitt honum á ólík umfjöllunarefni.
- Brugðist við upplýsingum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- Valið úr ólíkum leiðum til miðlunar.

2025_Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Spurt fjölbreyttra spurninga og nýtt þær til rannsókna á fjölbreyttum fyrirbærum.
- Fært rök fyrir ólíkum skoðunum.
- Bent á hugmyndir eða möguleika sem ekki hafa komið fram áður.
- Lært af mistökum og séð möguleika til framfara.

2025_Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi.
- Nýtt sér leiðsögn og endurgjöf til að ná námsmarkmiðum.
- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og lagt sitt af mörkum.

2025_Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Nýting miðla og upplýsinga

- Áttað sig á hvert á að leita til að afla áreiðanlegra upplýsinga og miðlað þeim áfram á réttan og ábyrgan hátt.
- Nýtt fjölbreytta miðla til upplýsingaöflunar og tekið upplýsta afstöðu til áreiðanleika þeirra.

2025_Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Sett sér markmið á grunni persónulegra styrkleika og tileinkað sér hugarfar vaxtar.

- Skilið viðmið um árangur og unnið að þeim.
- Sett sér persónuleg og námsleg markmið, ígrundað árangur og mistök.

VERKEFNI

- Náttúrustígur í fjörunni - hópverkefni

Sjö fjöruverkefnum (stöðvum) er skipt niður á sjö hópa nemenda. Farið er í fjöruna við Skeljanes (sbr. útinám). Hóparnir fara eftir leiðbeiningum og safna gögnum. Þegar heim er komið vinna þeir úr gögnunum og nýta sér heimildir. Að lokum kynna þeir verkefnið og afrakstur vinnu sinnar (veggspjald og skyggjur) hver fyrir öðrum.

- Líkur - veggspjald

Nemendur vinna í hópum (2-3 saman) og velja tvær af eftirfarandi stöðvum: Teningaleikur, peningakast, litlaðar kúlur í poka og spilakast. Að lokum vinna þau veggspjald með niðurstöðum, skrifa stutta útskýringu og kynna fyrir samnemendum.

Árangursviðmið:

Skilningur á líkum: Nemendur geta útskýrt líkur með brotum eða prósentum.

Gagnaöflun og framsetning: Skrá og sýna gögn á skýran hátt (tafla, súlurit o.s.frv.).

Samanburður: Bera saman fræðilegar og raunverulegar líkur og draga ályktanir.

- **Samvinna og framsetning:** Vinna vel saman og kynna verkefnið á skýran hátt.

- Brúðuleikhús - Þjóðsögur

Nemendur læri um helstu einkenni þjóðsagna og öðlist færni í að endursegja söguna á myndrænan og skapandi hátt í formi brúðuleikhúss.

Nemendur æfi sig í að skrifa handrit.

Nemendur þjálfist í að tala skýrt og greinilega

Árangursviðmið:

- Skrifa handrit þar sem að sögumaður segir söguna í 3. persónu en inn á milli tala persónur sögunnar.
- Gera brúður og einfalda leikmynd sem út frá lýsingum í sögunni
- **Sýna brúðuleikhús fyrir nemendur í 1. bekk.**



Ýmis námsgögn m.t.t. lykilhæfni

Námsgögn námsgreina, ítarefni o.fl.



Líkur - veggspjald